

## Haustþing samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð samþykkir eftirfarandi ályktun

### Samgöngur

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á innviðaráðherra að tryggja aukið fjármagn til að bæta og leggja slitlag á núverandi vegakerfi á Norðurlandi vestra. Núverandi fjármagn er langt frá því að vera nægilegt og að öllu óbreyttu mun það taka tugi ára að leggja bundið slitlag á malarvegi á svæðinu. Má einnig nefna að í drögum að Samgönguáætlun 2024-2038 er ekki gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum á vegakerfi landshlutans fyrr en árið 2027, þrátt fyrir þá staðreynd að um 50% vega á Norðurlandi vestra eru malarvegir í dag og að vegir með bundið slitlag séu farnir að láta verulega á sjá, þar á meðal þjóðvegur eitt. Því er ljóst að verulega fjármagnsaukningu vantar í þennan málaflokk á Norðurlandi vestra. Þetta ógnar ekki aðeins öryggi vegfarenda heldur einnig búsetufrelsi fólks og hamlar uppbyggingu svæðisins. Samgönguáætlun 2024-2038 þarf að taka tillit til þeirrar forgangsroðunar verkefna sem fram kemur í Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra 2024.

### Markaðssetning á flugi til Akureyrar

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að nauðsynlegri markaðssetningu og þróun alþjóðaflugs um Akureyrarflugvöll verði sinnt alfarið af Isavia og af þeim krafti sem til þarf. Akureyrarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki sem önnur gátt inn í landið og hefur aukning millilandaflugs þar í gegn verið stöðug síðustu ár en því miður fyrst og fremst fjármögnuð af sveitarfélögunum á Norðurlandi sem byrjuðu það verkefni sem tímabundið átaksverkefni sett á laggirnar árið 2010. Sú fjárfesting var nauðsynleg til að byggja upp millilandaflug um völinn. Það á ekki að vera á höndum sveitarfélaga á Norðurlandi að fjármagna kynningu og markaðssetningu Akureyrarflugvallar til lengri tíma, frekar en sveitarfélaga á suðvesturhorninu gagnvart Keflavíkflugvelli.

Það hlýtur aukin heldur að teljast eðlilegt þegar kemur að kynningu og markaðssetningu flugvallar á vettvangi flugfélaga að Isavia sinni mikilvægustu fluggáttinni á landsbyggðinni innan sama ramma og alþjóðaflugvallar í Keflavík, en slík vinnubrögð eru þekkt í nágrannalöndum okkar til dæmis í Finnlandi og Noregi.

### Eftirlitsmyndavélar á Norðurlandi vestra

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á dómsmálaráðherra að leggja til fjármagn til uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavélakerfis til að auka öryggi í landshlutanum. Er umdæmið eitt fárra lögregluumdæma landsins þar sem slíkar myndavélar hafa ekki verið teknar í notkun. Um er að ræða öflugt öryggistæki sem lögregluembættið á

Norðurlandi vestra hefur ekki haft til að styðja við sín löggæslustörf. Það er því nauðsynlegt að þessu verkefni verði tryggt fjármagn, bæði til kaupa á búnaði og til reksturs, en það er ekki hlutverk sveitarfélaga að fjármagna slíkan öryggisbúnað.

### **Staða landshlutans**

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á ríkisstjórn Íslands að horfa til Norðurlands vestra og taka höndum saman með sveitarfélögum á svæðinu til framtíðaruppbyggingar svæðisins alls.

Á Norðurlandi vestra hefur íbúapróun verið hægari en annars staðar, hagvöxtur í landshlutanum hefur verið um 2% minni en landsmeðaltal gefur til kynna og framleiðsla á mann er innan við 80% af landsmeðaltali og er hvergi minni. Innviðir landshlutans eru í mikilli viðhaldspörf svo sem vegir og dreifikerfi rafmagns og fjarskipta. Að auki horfum við enn og aftur upp á fækkun ríkisstarfa í landshlutanum á sama tíma og þeim fjölgar annars staðar á landinu og störf ríkisins hafa aldrei verið fleiri. Vegna alls þessa teljum við að ríkisstjórnin verði að horfa til Norðurlands vestra þegar stofnanir eru færðar út á land og/eða stofnaðar nýjar. Sameining sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur gengið vel síðustu ár og er mikilvægt að nýta þann meðbyr til góðra verka innan landshlutans.

### **Óstaðbundin störf**

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á ríkisstjórn Íslands að standa við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna um byggðapróun og valfrelsi í búsetu með því að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Í stjórnarsáttmála kemur fram að störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfanna krefjist þess sérstaklega, þannig að búseta hafi ekki áhrif á ráðningar. Þrátt fyrir skýra stefnu sýna gögn að störfum á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra hefur fækkað á sama tíma og þeim hefur fjölgað umtalsvert á landsvísu. Íbúapróun á Norðurlandi vestra hefur ekki haldið í við landsmeðaltal og skorar þingið á ríkisstjórnina að hrinda nú þegar í framkvæmd áherslum stjórnarsáttmálans um aðgerðir til eflingar byggðar um land allt.

Þingið skorar jafnframt á ríkisstjórn Íslands að beita hagrænum hvötum í líkingu við þá sem þekkjast í nágrenni okkar t.d. í gegnum skattkerfið, styrki eða Menntasjóð námsmanna til að fjölga menntuðu fólki á landsbyggðinni. Það er brýnt skref til að efla fjölbreytni atvinnulífsins og stuðla að jafnari íbúapróun milli landshluta. Aðgerðir af þessu tagi munu stuðla að sterkari samfélögum og aukinni samkeppnishæfni Íslands í heild.

### **Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók**

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2024 í Húnabyggð, skorar á ríkisvaldið að beita sér fyrir því að Alexandersflugvöllur verði á ný skilgreindur í grunnneti flugvalla. Aukning í

millilandaflugi um Akureyrarvöll, sem opnað hefur ferðamönnum nýja gátt inn í landið, kallar á að Alexandersflugvöllur verði varaflugvöllur millilandaflugvalla landsins. Dæmin hafa sýnt að ekki er vanþörf á því þegar flugumferð er hvað mest. Flugvöllurinn er einstaklega vel staðsettur til að þjóna bæði Akureyrar- og Keflavíkurflugvelli, sem varavöllur. Aðeins er um klukkustundar akstur til Akureyrar og um 3,5 klst. akstur til Reykjavíkur.